

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343 12. desember 1972 um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

6. gr. hljóði svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga að eða í námunda við götu, veg eða annað opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald 0.15% af fasteignamati húsa og lóða, skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð holræsagjalds skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — af einbýlishúsi, af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri, skal lægsta gjald vera kr. 600.00 — sex hundruð krónur — af íbúð.

Holræsagjaldið miðast við byggingarvísitölu 1986 stig að breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitölu, eins og hún er í árslok hverju sinni.

Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega ekki vera hærri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 342 12. desember 1972 fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

1. gr.

8. gr. hljóði svo:

Vatnsskattur skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða næst til vatnsæðar frá. Skal hann vera 0.20% af fasteignamati húsa og lóða samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 2 000.00 á ári.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5.00 hverja smálest.

Árleg leiga af vatnsmælum skal nema kr. 2 000.00.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir, auk vatnsskatts.

- a) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg. sementsnotkun kr. 10.00.
- b) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við eldneftissölur, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 25.00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 50.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 50.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
- h) Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðist kr. 50.00.
Lágmarksgjald kr. 2 000.00 — tvö þúsund krónur —.
- i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

13. gr. hljóði svo:

Framantalin gjöld samkv. 8., 9. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvisitölu 1986 stig 1. nóv. 1975 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvisitöluna, eins og hún er 1. nóv. ár hvert, þó má hækkinin ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

- 1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2. Gjöld fyrir millilandflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Reykjavík og Sauðárkrók.
- 1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Húsavík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Reykjavík, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar.